# Tilnefningarnefnd Sjóvár auglýsir eftir framboðum til stjórnar

January 06, 2023 09:14 ET | Source: Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Tilnefningarnefnd Sjóvár-Almennra trygginga hf. auglýsir eftir framboðum og tilnefningum til stjórnar Sjóvár fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður föstudaginn 10. mars 2023.

Frestur til að skila inn framboðum og tilnefningum sem hljóta eiga umfjöllun tilnefningarnefndar er til loka **föstudagsins 27. janúar 2023**. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á vefsvæði félagsins á slóðinni **https://www.sjova.is/json/Eydublod/EYB-0208/frambod-stjornarsetu.pdf** og skal skila á netfangið tilnefningarnefnd@sjova.is.

Tillaga nefndarinnar að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu verður kynnt samhliða aðalfundarboði sem birt verður skemmst þremur vikum fyrir aðalfund.

Almennur framboðsfrestur til stjórnar er fimm sólarhringum fyrir aðalfund. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar fram að því tímamarki, en nefndin ábyrgist ekki að lagt verði mat á framboð sem berast þeim eftir 27. janúar 2023. Nefndin áskilur sér þó rétt til að endurskoða tillögu þá sem birt verður samhliða aðalfundarboði og verður endurskoðuð tillaga þá birt a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund.